



Reykjavík, 9. október 2020

Efni: Umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins við drög að frumvarpi um opinberan stuðning við nýsköpun

Framkvæmdasýsla ríkisins fagnar þeim áherslum sem fram koma í frumvarpinu um eflingu byggingarannsókna og markvissa fræðslu og miðlun gagna um mannvirkjagerð. Þá er boðuð samvinna milli félagsmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um málefni byggingariðnaðar ánægju efni en bent hefur verið á að dreifð ábyrgð málaflokksins þvert á nokkurn fjölda ráðuneyta hafi staðið framþróun iðnaðarins fyrir þrifum.

Framkvæmdasýslan telur tilkomu rannsóknarsjóðs byggingarannsókna mikilvægt framfaraskref þar sem áherslur á rannsóknir og nýsköpun í byggingariðnaði hér á landi hafa verið takmarkaðar hin síðari ár og þátttaka atvinnulífs óveruleg. Framkvæmdasýslan telur að grundvallarforsenda ápreiðanlegra framfara sé að fjárframlög til rannsókna og nýsköpunar í mannvirkjagerð séu sannanlega aukin verulega og að litið verði til fyrirmynda nágrannalandanna í því samhengi. Samkvæmt nýlegri úttekt Byggingavettvangsins numu framlög til rannsókna og þróunar í byggingariðnaði á árunum 2014-2017 héraendis einungis 0,1% af heildarframlögum sem er í miklu ósamræmi við hagrænt mikilvægi iðnaðarins hvort sem litið er til landsframleiðslu eða fjárbindingar.

Framkvæmdasýslan telur jafnframt flutning fræðslu, upplýsingamiðlunar og gagnasöfnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) jákvætt skref í átt að auknu gagnsæi og upplýstari ákvarðanatöku hagaðila. Til að hámarka ávinning þessu tengt telur Framkvæmdasýslan mikilvægt að byggt verði upp öflugt samstarf milli HMS og Nýsköpunargarða og þannig stuðlað að virkri þekkingarmiðju í byggingariðnaði. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að virðiskennda byggingariðnaðar er mjög uppbotin og er viðurkennt alþjóðlega að sá eiginleiki sé ein stærsta hindrun iðnaðarins þegar kemur að eflingu framleiðni og aukinni nýsköpun.

Loks fagnar Framkvæmdasýslan að Byggingavettvanginum hafi verið falið að móta langtímaáætlun um fyrirkomulag rannsókna og þróunar í byggingariðnaði og mun stofnunin leggja sitt af mörkum í því samhengi.

f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

